

Kennarar: Guðmundur Albert Harðarson, Rúnar Einarsson og Ívar Hólm Hróðmarsson

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Fjöldi kennslustunda 2-4 tímar í viku. Er unnið í samþættingu með samfélagsfræði. Hugsun er að lesa og skilja hvern og einn kafla ítarlega, skilja hvað um er rætt áður en verkefnum er svarað, til að tryggja að nemendur hugsi

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?

- Kenna þarf nemendum að verða vísindalæsir, geta lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns og ánægju, notað hugtök náttúruvísinda í daglegu lífi, skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri og nýtt skilning sinn til að bæta heiminn í kringum sig.
- Hæfniviðmiðin eru sett fram í sex flokkum, þ.e. vinnulag náttúruvísinda sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í námsgreininni, umhverfið, lífið, efnin, orkan og alheimurinn. Þótt hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

Náttúrulega 1 lesbók og Námsmatsbanki. Allt sem okkur dettur í hug, horfa á myndbönd með af veraldarvef. Kannski búa til fyrirlestur í tölvu og flytja. Vera opin fyrir nýju kennsluefni ef það kveikir áhuga.

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

Nemendur lesa, stundum til skiptis stundum með sjálfum sér. Oftast einnig spilaður kafla sem á að vera lesinn fyrir alla til að tryggja að þeir sem eiga erfitt með að lesa geti hlustað. Nemendur lesa og vinna í vinnubók í tíma, einkunn verður gefin fyrir vinnubók og þátttöku í tíma. Nemendur eru oft látnir lesa, útskýra svör. Vinna saman í hóp. Halda kynningu á töflu.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Matsviðmið eru birt á A-D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem ekki nær viðmiðum, sem lýst er í C. Gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem tilgreind er í B, þar sem þau eru byggð á hæfniviðmiðum árgangsins.

Viðmið úr námskrá

[Aðalnámskrá](#)